Tillögur Félags smábátaeigenda á Austurlandi til 29. aðalfundar Landssambands smábátaeigenda 17. og 18. október 2013

1. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að svæðaskipting strandveiða verði óbreytt og styður tillögu 28. aðalfundar LS um strandveiðar 4 daga í viku 4 rúllur á bát 4 mánuðir á ári en vill að hámarksafli pr dag verði 750 þíg.
   Ekkert hámark verði á heildarafla til strandveiða.

2. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að línuívilnun nái til allra smábáta í dagróðrum með sama hætti og nú er, en bátar með beitingavél og uppstokkun um borð fái 5% ívilnun.
   Jafnframt fer aðalfundurinn fram á að aukið verði við það magn sem ætlað er til ívilnunar.

3. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að lágmarks félagsgjöld í Landssamband smábátaeigenda verði 30 þúsund á bát.

4. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að veiðidagar á grásleppuvertíð 2014 verði 30. Einnig vill fundurinn að sameina megi tvö grásleppuveiðileyfi á einn bát en veiðidögum hins sameinaða leyfis fækki um helming. Ennfremur telur fundurinn að veiðiráðgjöf Hafró sé ekki studd nægum rannsóknum og tímasetning ráðgjafarinnar algert bull, þ.e. eftir marsrall stofnunarinnar þegar grásleppuveiði er hafin.

5. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi tilnefnir Kára B. Ásgrímsson fulltrúa í grásleppunefnd LS.

6. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að auka beri kvóta í ýsu nú þegar um 10 þúsund tonn.

7. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að staðið verði vörð um byggðakvótann. Verði byggðakvóta einungis úthlutað til dagróðrabáta og verði ívilnun við löndun í heimabyggð báts.

8. Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi ályktar að færaveiðar á makríl verði gefnar frjálsar.

Samþykkt á aðalfundi
Félags smábátaeigenda á Austurlandi
26. september 2013